

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. janúar 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-58/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ábyrgðar á ryðvörn bifreiðarinnar XX-000 sem er innflutt og þjónustuð af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að gagnaðili beri að fullu kostnaði við að lagfæra tæringu á yfirbyggingu bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 22. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 6. september. Með bréfi, dags. 7. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 11. september. Með bréfi, dags. 19. september var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bárust þær hinn 27. september. Með bréfi, dags. 2. október, var álitsbeiðanda einnig gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og frest til þess til 16. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 31. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti, hinn 9. maí 2011, bifreiðina XX-000 af ónefndum þriðja aðila. Var bifreiðin innflutt af seljanda, fyrst skráð hinn 5. júlí 2006. Fram kemur að nokkru eftir kaupin hafi komið í ljós að yfirbygging bifreiðarinnar var mjög tærð. Fór álitsbeiðandi fram á það við Y, sem hér er nefndur seljandi, að hann bæri kostnaði við að gera við bifreiðina vegna tæringarinnar. Féllst seljandi á að greiða 80% af kostnaði við viðgerðina, sem fram fór í júlí sl. Stóðu þá eftir kr. 540.371 sem álitsbeiðandi sættir sig ekki við að greiða og gerir í máli þessu kröfu um að seljandi endurgreiði sér þá upphæð á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar seljanda vegna yfirbyggingar bifreiðarinnar. Mun ábyrgð sú, að vissum skilyrðum uppfylltum, gilda í allt að 30 ár.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að seljandi sé bifreiðaumboð sem annist sem slíkt sölu og þjónustu við nokkrar tegundir bifreiða, þ.m.t. samskonar bifreiðar og er í eigu álitsbeiðanda. Er m.a. rakið að ábyrgðaryfirlýsing framleiðanda sé bundin skilyrðum og séu þau skilyrði m.a. sú að bifreiðin sé þjónustuð af viðurkenndum þjónustuaðila fyrir bifreiðar af þeirri tegund sem um ræði. Þetta skilyrði hafi ekki verið uppfyllt af umráðamönnum bifreiðarinnar og sé því ábyrgðin úr gildi fallin.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um

lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 9. maí 2011 af þriðja aðila. Bifreiðin, sem er af gerðinni Mercedes-Benz ML, er árgerð 2006 og fyrsti skráningardagur hennar 5. júlí 2006. Var bifreiðin því rúmlega 6 ára gömul þegar álitsbeiðandi leitaði til kærunefndarinnar. Var bifreiðin innflutt ný af seljanda, en seljandi kveðst vera eini viðurkenndi þjónustuaðili Mercedes-Benz bifreiða hérlendis.

Eins og rakið er í málavaxtalýsingu aðila málsins þá var, í júlí sl., gert við yfirbyggingu bifreiðarinnar vegna tæringar. Greiddi seljandi 80% af reikningnum, en aðilar deila um hvor þeirra skuli bera kostnað við það sem út af stendur af kostnaði. Í málinu kemur fram að framleiðandi bifreiðarinnar mun hafa gefið ábyrgðaryfirlýsingu vegna mögulegrar tæringar á yfirbyggingu bifreiðarinnar. Samkvæmt málavaxtarlýsingu álitsbeiðanda keypti hann bifreiðina af þriðja aðila, en gerir í máli þessu kröfur á hendur umboðsaðila, sem flutti bifreiðina fyrst inn og seldi hana nýja.

Í 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um heimild neytanda til að gera kröfu á fyrri söluaðila að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í 1. mgr. 35. gr. að neytandi geti borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila. Í 3. mgr. sömu greinar segir að ákvæði 27. gr. laganna um tilkynningar gildi með samsvarandi hætti um ákvæði 35. gr. Að áliti kærunefndarinnar leiðir af ofangreindu að álitsbeiðanda er heimilt, skv. lögum nr. 48/2003, að gera gallakröfu á hendur fyrri söluaðila, sem í máli þessu er nefndur seljandi, og að tilkynningarreglur 27. gr. laganna gildi um þennan rétt álitsbeiðanda.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna segir m.a. að neytandi geti lagt fram kvörtun innan tveggja, eða eftir atvikum, fimm ára frá því kaup fóru fram. Í niðurlagi greinarinnar segir að umræddar tímatakmarkanir á heimild neytanda til að leggja fram kvörtun gildi ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Samkvæmt þessu er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi geti beint kröfu sinni að seljanda, jafn vel þótt meira en fimm ár séu liðin frá því að bifreiðin var fyrst seld.

Í máli þessu er ekki deilt um að tæring á yfirbyggingu bifreiðar álitsbeiðanda sé galli. Hins vegar er deilt um ábyrgðaryfirlýsingu framleiðanda bifreiðarinnar og þau skilyrði sem framleiðandi, og um leið seljandi í máli þessu, hafa sett fyrir ábyrgðinni.

Í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a. að seljandi beri ábyrgð á galla þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hluturinn megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu. Ábyrgðaryfirlýsing sé bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni og í auglýsingum tengdum henni.

Samkvæmt ofanröktu ákvæði ber seljandi því almennt ábyrgð samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sinni, í þann tíma sem sú yfirlýsing nær til, séu þau skilyrði sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni uppfyllt. Með þessum hætti geta seljendur eftir atvikum veitt neytendum meiri rétt en leiðir af lögum. Í fyrri álitum kærunefndarinnar hefur verið fjallað um gildi þess að seljandi geri skilyrði fyrir ábyrgð sinni á seldri nýrri bifreið, að þjónustuskóðanir og viðhald bifreiðarinnar séu framkvæmd af seljanda sjálfum, ella gildi ekki ábyrgð seljanda á göllum. Þesskonar skilyrði hefur kærunefndin talið haldlaus í þeim tilvikum sem neytendur hafa kvartað undan göllum innan tímafresta laganna, sem eftir atvikum eru 2-5 ár frá kaupdegi og, ef við á, sýnt sé fram á að viðhaldi eða þjónustu bifreiðarinnar hafi verið í engu ábótavant

þrátt fyrir að það hafi ekki verið framkvæmt af þeim aðila sem seljandi setti að skilyrði fyrir ábyrgð sinni.

Sé hins vegar málum svo háttað, að þeir tímafrestir sem neytendum eru gefnir í lögum til að bera fyrir sig galla, eru liðnir, fær kærunefndin ekki annað séð en að seljanda sé að fullu heimilt að skilyrða ábyrgð sína. Sú ábyrgð framleiðanda sem hér er fjallað um á, að uppfylltum skilyrðum, að gilda í 30 ár. Er eðlilegt að slíkri yfirlýsingu séu sett nokkuð hörð skilyrði og í máli þessu virðast þau skilyrði vera þau að viðhaldi bifreiðarinnar hafi verið sinnt í samræmi við fyrirmæli framleiðanda og að fullkomin þjónustubók fylgi bifreiðinni. Í handbók þeirri er með bifreið álitsbeiðanda fylgdi, og liggur fyrir í málinu, er á bls. 21 fjallað um ábyrgð framleiðanda með tilliti til þessa þáttar. Þar segir m.a. að til að ábyrgðin sé gild, verði að fara að þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í handbókinni, en þær eru m.a. þær að þjónustuskóðanir séu framkvæmdar reglulega, tímanlega og af aðila sem hefur næga kunnáttu og réttu verkfærin til að þjónusta bifreiðina. Ekki virðist áskilið sérstaklega að sá aðili sé „viðurkenndur“ af framleiðanda eða seljanda, aðeins að þjónustuverkstæði hafi þá þekkingu og þau tæki sem áskilið er. Má þannig ætla að þau þjónustuverkstæði sem umboðsaðili seljanda vísi neytendum á, t.d. á landsbyggðinni, falli undir þessa skilgreiningu, en bifreiðin var engu að síður þjónustuð af öðrum aðilum en seljandi vísar alla jafnan á. Sé bifreiðin ekki þjónustuð af verkstæði sem fellur undir skilgreiningu framleiðanda, áskilur framleiðandi sér rétt til að meta, eftir skoðun á bifreiðinni, að hvaða marki ábyrgð hans sé enn í gildi. Í málinu liggur fyrir að slíkt mat framleiðanda hefur farið fram og hafnaði framleiðandi kröfu álitsbeiðanda um endurgjaldslausu viðgerð, en bauðst þó til að bera 80% af kostnaði við viðgerðina.

Telur kærunefndin að endurmat á þeirri niðurstöðu framleiðanda falli utan valdsviðs nefndarinnar skv. lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Tekur kærunefndin því ekki afstöðu til matsins.

Verður samkvæmt ofansögðu að hafna kröfu álitsbeiðanda. Kærunefndin vill þó taka fram að ekki er útilokað að álitsbeiðandi geti átt kröfu á hendur þeim aðila sem hann keypti umþrætta bifreið af, en sá aðili á ekki aðild að máli þessu, né gerir álitsbeiðandi kröfu á hendur honum og er því ekki tilefni til, að svo stöddu, að fjalla efnislega um slíka kröfu.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir